



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2024  
Garðyrkjuskólinn Reykjum

## VIVE1VS02 Vinna og verkstjórn

Kennari:	<b>Björgvin Örn Eggertsson</b> <a href="mailto:boe@fsu.is">boe@fsu.is</a>
----------	---

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
VIVE1VS02 – Vinna og verkstjórn	2 fein	1
<b>Lýsing</b> Kynnt og þjálfuð grunnatriði verkstjórnar, framkoma á vinnustað, boðskipti og samskipti. Kynnt verða grunnatriði vinnuvistfræði. Kynnt helstu atriði er varða félagskerfi garðyrkju og umhverfismála og tengsl þeirra við félagskerfi landbúnaðarins. Skipulagning og starfsemi félaga, boðun og stjórnun funda. Talað mál, framkoma í ræðustóli, framsögn og ræðugerð. Námskeið í skyndihjálpar, brunavörnum og áhættumati.		
<b>Forkröfur</b> Almennar forkröfur garðyrkjunáms.		
<b>Þekkingarviðmið</b> Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"><li>Mismunandi aðferðafræði við verkstjórn á vinnustað.</li><li>Uppbyggilegum samskiptum og æskilegri framkomu á vinnustað.</li><li>Grunnatriðum vinnuvistfræði, svo sem líkamsbeitingu og notkun léttitækja til að draga úr óþarfa álagi.</li><li>Uppbyggingu félags- og atvinnukerfis garðyrkju og umhverfismála.</li><li>Skipulagi og starfsemi félaga og funda.</li><li>Mikilvægi öruggar framkomu og framsetningar talaðs máls.</li><li>Skyndihjálpar.</li><li>Brunavörnum.</li><li>Gerð áhættumats á vinnustöðum.</li></ul>	<b>Hæfniviðmið</b> Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: <ul style="list-style-type: none"><li>Stýra smærri hópum í vinnu á vinnustað sem metið er með verklegum æfingum og jafningjamati.</li><li>Stuðla að uppbyggilegum samskiptum vinnustað sínum, metið með samskiptahæfni og sjálfsmati.</li><li>Leggja mat á vinnuaðferðir og til hvað aðgerða þurfi að grípa til að draga úr líkamlegu álagi á vinnustað, metið með rökstuðningi og verklagi.</li><li>Nýta sér þekkingu á félagskerfi garðyrkju og umhverfismála og eigin leikni í tjáskiptum til að taka þátt og vera virkur í félagsmálum, metið með virkni og jafningjamati.</li><li>Gera sér grein fyrir hvenær þarf að grípa til notkunar á grunnatriðum skyndihjálpar, metið með rökstuðningi.</li></ul>	
<b>Leikniviðmið</b> Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: <ul style="list-style-type: none"><li>Nota mismunandi aðferðir verkstjórnar og koma þeim á framfæri á uppbyggilegan hátt.</li></ul>		

<ul style="list-style-type: none"> <li>• Beita aðferðum vinnuvistfræði á vinnustað, bæði sjálfur og miðla til annarra.</li> <li>• Nálgast upplýsingar um félags- og atvinnukerfi garðyrkju og umhverfismála.</li> <li>• Skipuleggja og boða rétt til funda, sem og að stýra fundi.</li> <li>• Koma fram fyrir hóp og tjá sig af öryggi.</li> <li>• Beita grunnatriðum skyndihjálpar þegar á þarf að halda.</li> <li>• Nota grunnbúnað til brunavarna á vinnustað.</li> <li>• Gera áhættumat fyrir vinnustað sinn.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Meta þörf á brunavörnum á vinnustað og hvenær grípa þarf til aðgerða, metið með rökstuðningi</li> <li>• Meta áhættu á vinnustað og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að draga úr áhættu, metið með rökstuðningi.</li> </ul>
<p><b>Námsmat</b> Frammistaða í verklegum æfingum, skýrslugerð, verkefni. Skyndihjálparskírteini.</p>	
<p><b>Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)</b> Kennarar á skyndihjálparnámskeiðum þurfa að hafa réttindi frá Rauða krossinum, námskeið í brunavörnum eru haldin af fulltrúum slökkviliðs, vinnuvistfræði hefur verið kennd af iðjuþjálfum og námskeið í framkomu og félagsmálum af fulltrúum frá félagsmálaskólum.</p>	
<p><b>Tenging við grunnþætti</b> Læsi – nemendur öðlast læsi á umhverfi sitt með því að meta upplýsingar sem koma frá öðrum og setja þær í samhengi við áfangann. Lýðræði og mannréttindi - nemendur bera ábyrgð á námi sínu og sýna öðrum virðingu. Heilbrigði og velferð - vinnuvistfræði fjallar um aðferðir líkamsbeitingar og umhverfis á viðkomandi vinnustað. Nemendur verða meðvitaðir um siðferðilega ábyrgð sína gagnvart samborgurum ef óhöpp steðja að. Sköpun - sköpunargleði nemenda fær útrás gegnum ræðuhöld og æfingar í framkomu.</p>	
<p><b>Dags.:</b> 12.6.2013 <b>Höfundur:</b> Guðríður Helgadóttir</p>	

**Námsefni:**

- Ljósrit og annað efni frá kennara.
- Efni á netinu.

Vika	dags.	tími	efni	kst.	kennari
1	28. ágúst	12:45-15:45	Lotuvika, kynning. (Inngangur) Félagsmál, stofnun félaga, fundarsköp, boðun funda. Nemendafélag	4	BÖE
2	5.sep	10:35-12:00	Stjórnun og stjórnunarstílar	2	BÖE
4	19.sep.	10:35-12:00	Framsetning fyrirlestra. Framsetning stuttrar skýrslu	2	BÖE
5	24.sep.	9:00-12:00	Lotuvika Brunavarnir	4	BÖE
6	3.okt.	9:00-10:25	Verkefni lagt fyrir. Ræðumennska	2	BÖE
7	10.okt.	9:00-10:25	Verkstjórn. Ræðumennska	2	BÖE
8	15.okt.	9:00-10:25	Kynning á verkefnum	2	BÖE
9	23.okt.	12:45-15:45	Kynning á verkefnum frh. Félagsmál garðyrkju.	4	BÖE
10	1.nóv.	9:00-15:45	Lotuvika Skyndihjálp	8	BÖE
11	6.nóv.	14:15-15:45	Líkamsbeiting, áhættumat.	2	BÖE
12	13.nóv.	12:45-15:45	Tími fyrir nemendafélag	4	BÖE

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

### Verkefni

Verkefni í vinnu og verkstjórn tengist ræðumennsku, framsetningu fyrirlestra ásamt stuttri skýrslu.

Nemendur mynda um það bil þriggja manna hópa og velja sér verkefni, gjarnan tengt sinni námsbraut. Hver hópur setur fram stutta kynningu með PowerPoint forriti og skilar inn stuttu yfirliti (1. bls. í Word).

Verkefnið verður sett fyrir **3. október** og kynnt þá frekar. Viku síðar munu hóparnir kynna sín verkefni. Horft verður til uppsetningar fyrirlestrar, framsetningu á yfirliti og svo ræðumennsku þegar verkefnið verður kynnt. Mikilvægt er að skipta hlutverkum þannig að allir aðilar kynni verkefnið.

### Námsmat

Ekki er um eiginlegt próf eða einkunn að ræða. Nemendur fá umsagnir fyrir verkefni sín og standast námskeiðið ef þeir sinna náminu með viðunandi hætt. Skyndihjálparskírteini.

### Skyndihjálp og brunavarnir

Nemendur sækja námskeið í skyndihjálp. Að loknu námskeiði fá nemendur skírteini um að þeir hafi lokið námskeiðinu. **Þeir sem hafa nú þegar gilt skyndihjálparskírteini geta sótt um að fá það metið.**

Athugið að kennsluáætlun getur tekið breytingum

### Skipulag áfanga

Kennsla fer fram með fyrirlesturum, verklegum æfingum og heimaverkefni.

**Fyrirlestrar:** Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

**Verklegar æfingar:** Tvær verklegar æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar í lotuvikum.

**Upptökur:** Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Garðyrkjuskólinn FSU, Reykjum, 27. ágúst 2024**

**Björgvin Örn Eggertsson**